



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 27.03.2008.

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga Þskj. 688-432 mál.**

Frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði hefur verið til skoðunar á Nýsköpunarmiðstöð Íslands að beiðni Iðnaðarnefndar Alþingis. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur að stefnumiði að auka nýsköpun og þróun hérlendis og er þar í mörgum málum lykilatriði að orka landsins sé nýtt og um leið aðgengileg í þau verkefni sem teljast umhverfisvæn og þjóðhagslega hagkvæm. Hvað varðar eignarhald auðlindarinnar þá er í frumvarpi gerður greinarmunur á hvort virkjunarkostur sé yfir 7MW eða undir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að virkjunarkostir yfir 7 MW séu í eign sveitarfélaga, ríkis eða fyrirtækja í opinberri eigu. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt því nýsköpun í sveitum landsins mun að einhverjum hætti beinast að nýtingu smærri virkjunarkosta sem geta þá verið atvinnutækifæri fyrir bændur eða aðra ábúendur og er mikilvægt að ekki sé gerð krafa um opinbera eignaraðild að slíkum virkjunum. Almennt er Nýsköpunarmiðstöð Íslands hlynnt því að sem mest frelsi ríki á orkumarkaðnum þannig að ekki sé settar hömlur á tækifæri til atvinnusköpunar þar sem þau bjóðast á þessu sviði.

Að öðru leyti gerir miðstöðin ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllt.

Fh. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands  
Ingólfur Þorbjörnsson Framkvæmdastjóri.